# Netöryggissveit CERT-ÍS
# Viðbrögð við netvá

UT Messan 2014

Hrafnkell V. Gíslason

Póst- og fjarskiptastofnun

# Morgunblaðið 1997



## Notandinn vill öryggi og ekkert múður

„Stafræna formið er að verða meira og meira notað. Þetta á við um tölvugögn, símtöl, tónlistarflutning og í náinni framtíð gildir þetta um kvikmyndir. Þetta er hljóðlát bylting en mun valda gríðarlegri breytingu fyrir hinn almenna borgara,“ segir Hrafnkell Gíslason hjá SKÝRR hf. Hann segir að ljóst sé að samruni tækja eins og sjónvarps, hljómflutningstækja og tölva sem nota Internetið sé þegar á vel á veg kominn. „Þetta er þó almennt ekki enn komið í neytendaumbúðir. Afleiðing þessa er að mörk tölvuvinnslu, fjarskipta og skemmtiiðnaðarins verða afar óljós. „Hrafnkell segir að gagnabankar og upplýsingar hvers konar verði afar mikilvæg söluvara í framtíðinni. Einnig mun þessi þróun næsta örugglega hafa áhrif á hvernig ýmis þjónusta er veitt. Með þessari tækni gæti almenningur t.d. rekið erindi sín við hið opinbera í gegnum tölvuna heima hjá sér, báðum aðilum til hagsbóta.“

Hrafnkell leggur þunga áherslu á að án öryggis í gagnaflutningum verði Internetið seint vænlegur kostur fyrir viðskipti. „Í dag er þegar hægt að trygga öryggið þokkalega með öruggum vefmiðlurum, rafrænum undirskriftum og dulritun (Encryption). Þessar lausnir eru ekki almenningseign en það er mikil vinna lögð í það að svo megi verða enda gífurlegir hagsmunir í húfi.“ Eitt dæmið um þessa hagsmuni er smásala á upplýsingum. „Ef hægt væri að koma á svipuðu kerfi og símakortakerfinu á viðskiptum með upplýsingar og skemmtiefni myndu ómældir möguleikar opnast. Í dag er þetta ekki fýsilegur kostur en hann verður það í náinni framtíð.“ Hrafnkell segir að hann líti á Internetið sem fyrsta stig að þeirri þjónustu sem veitt verður eftir nokkur ár. „Í kjölfarið koma beinlínuþjónustur þar sem hægt verður að kaupa sjónvarpsefni, kvikmyndir og tónlist á stafrænu formi.“ Þarna ræður neytandinn ferðinni, það getur enginn fjölmiðill eða fyrirtæki ákveðið hvenær hann á að horfa á fréttir eða neytt hann til að gera sér ferð út í plötubúð til að nálgast uppáhaldstónlistina sína. Hrafnkell segir miklar vonir bundnar við hina svokölluðu nettölvu sem þiggur allan sinn hugbúnað og þjónustu frá Internetinu. Öll gögn notandans eru einnig geymd á miðlurum. „Í dag eru góðar einkatölvur oft of dýrar fyrir hinn venjulega meðal Jón. Það er líka dýrt að endurnýja þessar vélar enda úreldast einkatölvur hratt. „Nettölvur eru hins vegar seldar á um 30–50 þúsund krónur. Eigandi slíkrar tölvu myndi kaupa beinlínuþjónustu. Innifalin væri stöðug uppfærsla á hugbúnaði eins og notandinn vill.“

Hrafnkell Gíslason segir SKÝRR vera vel undir framtíðina búið.

Hrafnkell segir að á Íslandi sé eitt fullkomnasta símakerfi í heimi og það sé önnur forsenda fyrir framgangi stafrænu byltingarinnar. „Jafnframt er hér í gildi ein lægsta gjaldskrá fyrir símaþjónustu sem þekkist. Samt er það svo að símakerfið ræður ekki við í dag fyrirbæri eins og „myndefni eftir pöntun“ (Video on Demand). Dreifikerfi Pósts og síma ræður hins vegar við „tónlist eftir pöntun“ (Music on Demand), til slíks gagnaflutnings dugir ISDN-lína. Hljómurinn er jafngóður og á þeim geisladiskum sem eru í sölu nú.“

Hrafnkell segir að ofangreind þróun falli vel að starfi SKÝRR. „Við höfum verið og erum fyrirtæki sem veitir þjónustu yfir net og þjónustan er í auknum mæli að fara yfir í þennan farveg. Ef nettölvan nær flugi ætlast notandinn til þess að gögn hans séu fullkomlega örugg á allan hátt og ekkert múður. Þannig má segja að þriðja forsendan fyrir stafrænu byltingunni sé huglæg, notandinn verður að treysta þeim sem geyma gögn hans. Við höfum langa reynslu af gagnageymslu og gagnaflutningi og erum því spenntir fyrir framtíðinni,“ segir Hrafnkell að lokum.

-JHÞ


Hágæða búnaður til Myndframsetningar
Liesegang
LCD Rafeindaglærur
fyrir tölvu og myndband.
Upplausn SVGA 800x600
til 1268x1024 þjappað.
Rafeindavarpi ddv 810
Fyrir tölvu og myndband.
Með nýjustu DLP ™ tækni.
Upplausn SVGA 800x600.
NORDCO eHF Kirkjulundi13. Garðabæ
http://www.skima.is/nordco Sími: 565 8305 Fax: 565 8306

# CERT-ÍS Netöryggissveitin

- Sveitin byggir á fjarskiptalögum og hóf formlega starfsemi árið 2013.
- Markmið CERT-ÍS er að fyrirbyggja, draga úr og bregðast við hættu vegna netárása eða hliðstæðra öryggisatvika í þeim tölvu- og netkerfum sem falla undir starfssvið hennar.
- Greina öryggisatvik, takmarka útbreiðslu þeirra og tjón af þeirra völdum. Við útbreidd og alvarleg atvik samhæfir sveitin viðbrögð og aðgerðir.
- Fjármögnuð af fjarskiptafyrirtækjunum - samkvæmt lögum
- Áhersla á fjarskiptafyrirtækin og á þá aðila sem reka ómissandi upplýsingainnviði (samkvæmt samningi)

# Hvernig vinnur netöryggissveitin?

- Kjarnaþjónusta fyrir þjónustuhópinn
- Landsþjónusta
- Sjá www.cert.is
- Þekking og ábyrgð á eigin tækniumhverfi liggur hjá hverju og einu fyrirtæki
  - Yfirtekur ekki ábyrgð, skipulag eða framkvæmd netöryggismála aðila þjónustuhópsins
  - Yfirtekur ekki aðgerðir við öryggisatvik
  - Kemur ekki í stað eigin sérfæðinga eða aðkeyptrar sérfræðiþjónustu

# Kjarnaþjónusta

Kjarnaþjónusta CERT-ÍS  er einvörðungu fyrir þjónustuhópinn, að hluta eða öllu leyti. Sveitin starfrækir þjónustuvef sem eykur verulega skilvirkni við vinnslu hvers atviks. Á þjónustuvefnum geta aðilar þjónustuhópsins fengið upplýsingar um viðbrögð, stundað tilkynningaskipti, skoðað tölfræði, viðvaranir o.fl.

- Meðhöndlun öryggisatvika
- Fastmótuð samræming og samhæfing
- Netæfingar og þjálfun
- Upplýsingaskipti
- Ástandsvitund

# Vefgátt CERT-ÍS



# Landsþjónusta

Landsþjónustan CERT-ÍS er ekki kjarnaþjónusta hópsins, heldur styður hún við öryggismál í netumdæminu, jafnframt því að efla almennt netöryggi innanlands

- Landstengiliður
- Samráðsvettvangur innanlands
- Ráðgjöf og leiðbeiningar
- Almenn upplýsingaöflun
- Almenn vitundarvakning
- Regluleg skýrsla
- Alþjóðlegt samstarf

# Þróun þjónustu CERT-ÍS

- 24 X 7 starfsemi, stjórnstöð, verkferlar fyrir alla starfsemi hópsins
- Uppfærð staða af ástandi netöryggis
  - Búnað til að skynja ástand og ógnir neta, t.d. lokkunarnet (e:honeynet)
  - Aukin þátttaka í erlendu samstarfi, þ.m.t. erlendar samhæfingaræfingar
  - Aukin geta til að sinna fræðslu, samhæfingu og þjálfun þjónustuhópsins
  - Nákvæmari þekkingarmiðlun til markaðsaðila og almennings
- Þekking til að takast á við allar þekktar tegundir netárása
  - Að vera skrefi á undan (t.d. greina nýjar tegundir netárása)
  - Viðbragðsþjónusta á vettvangi, rannsóknir á netárásum
  - (Aðgangur að) rannsóknarstöð til að greina óværur

# Ómissandi upplýsingainnviðir

Upplýsingakerfi þeirra mikilvægu samfélagslegu innviða sem tryggja eiga þjóðaröryggi, almannaheill og margs konar öflun aðfanga í þróuðu og tæknivæddu þjóðfélagi. Um er að ræða þann tækja- og hugbúnað sem nauðsynlegur er til reksturs og virkni kerfisins og þær upplýsingar sem þar eru hýstar eða um kerfið fara.

- Fjarskipti
- Raforkuframleiðsla og raforkudreifing
- Greiðslumiðlun og bankastarfsemi
- Ráðuneytin, yfirstjórn ríkisins, neyðarþjónusta
- ...
- RLS vinnur að skilgreiningu ómissandi upplýsingainnviða

# Almenn fyrirtæki og netöryggi

- Hvaða lágmarkskröfur er eðlilegt að stjórnvöld geri til almennra fyrirtækja?
  - Verja hagsmuni almennra viðskiptavina
  - Persónuvernd og viðskiptaupplýsingar viðskiptavina
  - Raska ekki heildarhagsmunum markaðarins / netsins
- Hvaða kröfur ættu almenn fyrirtæki að gera til sjálf sín?
  - Verja þekkingarverðmæti
  - Verja reksturinn og starfsfólk
  - Verja traust / ímynd
  - Forðast skaðabætur / sektir
- Netöryggi getur verið ákveðið viðskipatækifæri / samkeppnisforskot
- Hver og hvernig á að framfylgja kröfum um netöryggi almennra fyrirtækja?
  - Frumkvæði stjórnvalda / atvinnulífsins / tryggingarfélaga

# Netöryggi í þjóðfélaginu

- Þarf að auka þekkingu og þjálfun á öllum stigum skólakerfisins og þjóðfélagsins?
  - Skólar, almenningur, fyrirtæki, stofnanir, dómstólar, ...
- Þarf að efla öryggisvitund – öryggismenningu?
  - If you are not paying for the service – YOU ARE the service
  - Skilgreina og flokka þekkingarverðmæti
- Þarf að skilgreina betur hlutverk og verkaskiptingu?
- Lagaumhverfið og alþjóðleg samvinna
- Hvert er hlutverk stjórnvalda vegna netöryggis almennings?
  - Upplýsa almenning þannig að borgararnir taki meðvitaðar ákvarðanir.
  - Hvaða kröfur á að gera til almennings?

# Stefnumótun stjórnvalda um netöryggi

- Samráðshópur skipaður af innanríkisráðherra júlí 2013 um mótun stefnu stjórnvalda um net- og upplýsingaöryggi og vernd mikilvægra upplýsinga og fjarskiptainnviða er varðar þjóðaröryggi
  - Að auka öryggi einstaklinga og þjóðfélagshópa með því að efla net- og upplýsingaöryggi
  - Stuðla að órofa virkni mikilvægra samfélagsinnviða og auka áfallaþol net- og upplýsingakerfa
  - Efla samstarf og samhæfingu stjórnvalda hérlendis og á alþjóðavettvangi
- Innanríkisráðuneyti, utanríkisráðuneyti, RLS og PFS
- Febrúar til  mars: samráð við hagsmunaaðila
- Apríl: drög að stefnu og aðgerðaráætlun til umsagnar hjá hagsmunaaðilum og í framhaldinu almennt samráð
- Júní: stefna 2014-2025 og 2014-2017. Aðgerðaráætlun 2014-2017

# Takk fyrir

Hrafnkell V. Gíslason,

forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar

Hrafnkell@pfs.is